

2. Umsækjandi um örorkulífeyri er kominn í þjónustu hjá VIRK.

Umsókn um örorkulífeyri

Sjóðfélagi sækir um (endurhæfingar- eða) örorkulífeyri og skrifar undir samþykki um upplýsingagjöf til og frá VIRK:

- lífeyrissjóðnum sé heimilt að afla upplýsinga um þátttöku og niðurstöðu starfsgetumats hjá VIRK.
- lífeyrissjóðnum sé heimilt að láta VIRK hafa upplýsingar sem geta haft þýðingu er varðar starfsendurhæfingu viðkomandi.

Vilji sjóðfélagi ekki skrifa undir og samþykkja upplýsingagjöf skal hann strika yfir viðkomandi línu(r) og setja upphafsstafi sína við. Ef hann sækir þjónustu VIRK sér hann sjálfur um afhendingu nauðsynlegra upplýsinga.

Upplýsingaöflun frá VIRK

Lífeyrissjóður sendir beiðni til VIRK um gögn vegna sjóðfélaga, afrit af umsókn um örorkulífeyri fylgir (**gagnvirkur vefur**)

VIRK sendir gögn til lífeyrissjóðs með öruggum hætti (**gagnvirkur vefur**). Lífeyrissjóður meðhöndlar upplýsingar í samræmi við gæða- og öryggisstefnu sína.

Gögn til trúnaðarlæknis

Lífeyrissjóður afhendir trúnaðarlækni gögn umsækjanda.

Mat trúnaðarlæknis

Trúnaðarlæknir metur orkutap í samræmi við samþykktir lífeyrissjóðs. Niðurstaða trúnaðarlæknis kemur fram í matsgerð trúnaðarlæknis. Lífeyrissjóður sendir VIRK niðurstöður trúnaðarlæknis, a.m.k. mat á orkutapi (%) og hvort og þá hvenær endurmat fari fram.

Framgangur endurhæfingar

VIRK upplýsir lífeyrissjóð reglulega um framgang endurhæfingar. Í fyrsta skipti þó eigi síðar en þremur mánuðum frá því VIRK fékk tilkynningu um sjóðfélaga. (**gagnvirkur vefur**).

Tilkynningar VIRK eru meðal annars:

- um þátttöku sjóðfélaga við upphaf starfsendurhæfingar.
- ef sjóðfélagi er á leið í sérhæft mat.
- ef sjóðfélagi er á leið í endurmat.
- lokaskýrsla starfsgetumats við útskrift.

Ef ekki er samræmi í niðurstöðu trúnaðarlæknis og mati VIRK á endurhæfingarmöguleikum skulu aðilar ræða saman og leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu.

Endurhæfingarferli lokið

a) Lífeyrissjóður stöðvar lífeyrisgreiðslur vegna:

- sjóðfélagi hefur náð starfsgetu.
- sjóðfélagi hefur ekki tekið þátt í endurhæfingu.

b) Lífeyrissjóður greiðir áfram örorkulífeyri.